

Ed.

853. Lög

um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til 1. júlí 1933.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.-8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1933.
7. Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.